

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU



Veiðimaður frá Sviss með sinn fyrsta flugulax sem hann veiddi í Jöklu sumarið 2014. Ljós. SBG.

Pistill formanns

Ágætu félagar! Nú styttest í að veiði hefjist í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar enn eitt árið. Verður fróðlegt að sjá hverjar heimtur verða í sumar á þeim laxi sem búið er að sleppa í ána. Eins að fylgjast með rannsóknum á lífríki og uppbyggingu árinna, bæði laxagengd og ekki síður þróun á náttúrulegum bleikjustofni. Bleikjan virðist eiga góð lífsskilyrði í ánni. Það sem við erum að upplifa hér við Jökulsána er ævintýri líkast og á sér vart hliðstæðu nokkurs staðar. Ein forugasta jökulá allra tíma að breytast í gjöfula veiðiá. Til að auka og bæta nýtingu árinna þurfum við íbúarnir að huga sérstaklega að aðgengi og umgengni. Á aðalfundi félagsins kom fram í máli Guðmundar Wium Stefánssonar, frá Fremra-Nýpi í Vopnafirði og stjórnarmanns í Landssambandi veiðifélaga, að það væri reynsla þeirra Vopnfirðinga að snyrtilegt umhverfi og gott aðgengi að veiðiám væri afar mikilvægt. Erlendir veiðimenn eru nefnilega ekki síður komnir til að njóta jákvæðrar upplifunar heldur en veiðinnar. Það er því mikilvægt að hafa góð hlið þar sem veiðimenn þurfa að fara um og sem minnst af rusli eða gömlum ónýtum tækjum við árnar. Stjórn veiðifélagsins hvetur félagsmenn til að hafa þetta í huga þannig að þeir veiðimenn sem koma til veiða í Jöklu fari heim með góðar minningar um snyrtilegar sveitir. Slíkt getur skipt sköpum við að fá sömu veiðimenn ár eftir ár. Verum minnug þess að við erum hér í langtímaverkefni, verkefni sem krefst þolinmæði. Stöndum saman vörð um þetta fjöregg svæðisins. Vil ég þakka félögum þolinmæði við stjórn. Einnig vil ég þakka leigutaka hans framlag til uppbyggingar á laxastofni árinna og síðast en ekki síst Landsvirkjun fyrir að sjá um og kosta rannsóknarvinnu á lífríki árinna. Gleðilegt veiðisumar!

Aðalsteinn Jónsson, formaður stjórnar.

Rannsóknir Veiðimálastofnunar

Veiðimálastofnun hefur nú í þrjú ár rannsakað þéttleika og ástand seiða í Jöklu, hliðarám hennar og Fögruhlíðará. Verkefnið er kostað af Landsvirkjun, unnið í samvinnu við Veiðifélag Jöklu og á að standa í fimm ár. Meginmarkmið eru að fá svör við eftirfarandi spurningum:

- *Hvernig er landnámi og framvindu fiskistofna háttað við breytt eðli og aðstæður í Jöklu?*
- *Hver eru áhrif yfirfalls á framleiðslu og þéttleika seiða? – Eru tengsl milli yfirfalls og ástands seiða? – Eru líkur til að yfirfall valdi beinum afföllum á seiðum?*
- *Hverjir eru möguleikar Jöklu til sjálfbærrar framleiðslu fiskistofna?*
- *Hverjir eru möguleikar á sjálfbærri nýtingu veiði í Jöklu?*
- *Hver er munur á lífsskilyrðum og viðgangi fiska milli svæða innan Jöklu (m.t.t. hæðar yfir sjó) og hliðaráa utan áhrifa frá yfirfalli.*

Guðni Guðbergsson, sem stýrir rannsókninni, sagði á aðalfundi veiðifélagsins í apríl að svörin við þessum spurningum væru að skýrast. Í ágripi skýrslu *Um útbreiðslu og ástand seiða í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar 2014* segir: „Náttúruleg laxa- og bleikjuseiði fundust í Jöklu auk sleppiseiða á ákveðnum svæðum árinna. Þrif seiða virðast almennt góð og vöxtur ekki minni en í hliðaránum. Nú er að koma í ljós að þrátt fyrir gruggugt yfirfallsvatn seinni hluta sumars lifa seiði í Jöklu það tímabil af og ná að vaxa í ánni í göngustærð, ganga til sjávar, taka út vöxt þar og koma aftur til hrygningar. Út frá dreifingu veiðinnar virðist Steinboginn hafa verið töf fyrir uppgöngu laxa í ána sem hafi minnkað við gerð fiskvegjar um hann sumarið 2012. Þótt einhver göngutöf gæti verið við Valabjörg veiðast laxar ofan þeirra og allt upp að Arnórsstöðum. Lax úr smáseiðasleppingum er farinn að skila sér til hrygningar í Jöklu og náttúruleg hrygning átti sér stað 2013 þótt þéttleiki villtra seiða sé enn lítill enda vatnasvæðið mjög stórt. Í seiðaveiðum varð vart við aukinn þéttleika á bleikjuseiðum en líkur voru taldar á að bleikju myndi fjölga í Jöklu í kjölfar vatnaflutninga og að hún myndi ná sér á strik fyrr en laxinn. Afar forvitnilegt verður að sjá hvort og þá hversu stór hluti bleikjunnar muni ganga til sjávar. Telja verður að þessar niðurstöður séu almennt góð tíðindi fyrir eigendur veiðiréttar í Jöklu en taka verður fram að frekari reynsla er nauðsynlegt áður en endanlega er komið fram hvernig fiskistofnum svæðisins og veiðinýting þeirra verður til framtíðar.“

Hægt er að nálgast skýrsluna í heild sinni á heimasíðu Veiðimálastofnunar www.veidimal.is.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2007-2014. Tafla úr skýrslu Veiðimálastofnunar.

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralín smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
Alls	1137	489	700	316	2642	454.100	145.600	123.100

Frá arðskrárnefnd

Á aðalfundi 2015 gerði formaður arðskrárnefndar grein fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram til undirbúnings arðskrárgerð. Bakkamælingar Jökulsár hafa verið unnar af Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins út frá fallbótamælingu Landsvirkjunar og hliðarár mældar af arðskrárnefnd sjálfri með aðstoð björgunarsveitarinnar Jökuls. Þessar mælingar hafa síðan verið unnar inn á kortagrunn af verkfræðistofunni Mannvit.

Þær forsendur sem nefndin er að vinna með varðandi vægi ráðandi þátta í arðskrá eru svohljóðandi:

- Veiði hafi vægið 50 (lax 40 og silungur 10)
- Bakkalengd hafi vægið 30
- Uppeldisskilyrði hafi vægið 20

Samtals geri þetta 100 stig og 10.000 einingar sem endanlega verður skipt á jarðirnar. Arðskrárnefnd telur að ekki verði hægt að taka uppeldisskilyrði inn í fyrstu gerð arðskrár þar sem mat á búsvæðum liggja ekki fyrir og sé umfangsmikið. Alls verði því 8.000 einingar fyrir veiðisvæðið í fyrstu arðskrá sem byggja þá á veiði og bakkalengd.

Þar sem vatnsmagn er einn af þeim þáttum sem horfa þarf til telur arðskrárnefnd að skipta þurfi ánni upp í þrjú svæði með mismunandi vægi:

- Jökla að Gilsá hafi stuðul 1,0
- Jökla frá Gilsá að Hrafnkelu hafi stuðul 0,7
- Jökla ofan Hrafnkelu hafi stuðul 0,5

Jafnframt verði búnir til 5 flokkar fyrir þverárnar eftir vatnsmagni.

Frá aðalfundi og þar til þetta er skrifað (7/6 '15) hefur nefndin látið taka saman veiðitölur síðustu átta ára eða frá 2007. Eftir er að fara í 1-2 vettvangsferðir, m.a. í Rana. Skoða þarf áhrif sleppitjarna og veiða við þær og meta ýmsa þætti samkv. ákvæðum reglugerðar um lax- og silungsveiði, svo sem vatnsmagn hliðaráa, skráða netaveiði o.fl. Að þessu loknu verður hægt að hefjast handa við reiknivinnu arðskrárinnar.

Nefndin hefur ekki sett sér tímamörk um verklok en stefnt er að því að skila tillögum um arðskrá til stjórnar á hausti komanda.

Mér þykir rétt að birta hér annað sýnidæmið varpað var upp á aðalfundinum í apríl sl. með smá skýringum, þar sem oft er betra að glöggva sig á þannig framsetningu á blaði í ró og næði en í sjónhending á fundi:

Sýnidæmi um útreikning fyrir jörð Y			
Laxveiði	15/1137	x 4000	52,76 ein.
Silungur	20/300	x 1000	66,67 ein.
Bakkalengd	7000m x 0,5	3500m	
Hliðarár	800m x 0,75	600m	
Lengd alls		4100m	
Ein. f. lengd	4100/276612	x 3000	44,47 ein.
EININGAR			163,9 ein.

Skýringar: Hér veiðast 15 laxar af heildarlaxveiði 1137 sem gefur 15/1137 af veiðinni. Laxveiðin vigtar 4000 einingar af alls 8000 einingum. Þetta gefur 15/1137 x 4000 eða 52,76 einingar í arðskrá fyrir laxveiði. Silungur reiknast á sama hátt, þ.e. 20 veiddir fyrir landi sömu jarðar af 300 í heild sem gefur 66,67 einingar í arðskrá. Bakkalengd að Jöklu er 7000 m en lítið vatnsmagn fyrir þessari jörð vegur þá lengd niður í 0,5. Hliðarár er fiskgeng 800 metra með vægi fyrir vatnsmagn 0,75 þannig að alls er „vegin“ bakkalengd jarðarinnar 4100 m af alls 276.612 m bakkalengd vatnasvæðisins. Bakkalengd vegur alls 3000 einingar í arðskrá þannig að þessi jörð fær 4100/276612 x 3000 ein. eða 44,47 einingar fyrir bakkalengd og vatnsmagn. Á þennan hátt hefur jörðin 163,9 einingar af alls 8000 heildareiningum fyrir alla þætti sem gefa einingar á vatnasvæðinu.

Munum að veiðin gefur 5000 einingar Bakkalengd og vatnsmagn 3000 einingar sem eru samtals 8000 einingar. Við eigum eftir 2000 einingar til seinni tíma fyrir uppeldisskilyrði sem eftir er að meta, en það er önnur saga.

Fyrir hönd arðskrárnefndar,
Þorsteinn P. Gústafsson.

Stjórn og nefndir Veidifélags Jöklu

Stjórn:

Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli
formaður. allij@centrum.is.
s. 895-1085.

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
bakka, ritari. skulibg@simnet.is.
s. 860-2985.

Pórarinn Hrafnkelsson,
Hallgeirsstöðum, gjaldkeri.
totihelga@simnet.is.

Bragi S. Björgvinsson, Eiríksst.
bragi@eiriksstadir.com

Vilhjálmur Snædal, Skjöldólfsst.
vsnaedal@simnet.is

Varamenn:

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Benedikt Ólason, Gauksstöðum

Skoðunarmenn

Arnór Benediktsson, Hvanná
Jón Helgason, Refshöfða
Snæbjörn Ólason til vara.

Arðskrárnefnd

Þorsteinn Gústafsson, Geirast. 2.
Lárus Dvalinsson, Vörðubrun
Gestur Hallgrímsson, Blöndub.
Þorvaldur Pálsson, Hjarðarhaga
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Kjörnefnd

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Þorsteinn Gústafsson, Geirast. 2
Hlíðar Eiríksson, Hlíðarhúsum

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs: Skúli Björn Gunnarss.

Fréttir úr starfi félagsins

Ós við Héraðsflóa

Hinn nýi ós sem grafinn var út á síðasta ári gegnum sandinn við Héraðsflóa hélst opinn í allan vetur. Á aðalfundi veiðifélagsins voru sýndar myndir af því hvernig bæði Lagarfljót og Jökla renna nú saman gegnum þennan nýja ós sem hefur grafið sig niður og breikkað. Þar með er því forðað að jökulvatn renni eftir sandinum yfir í ós Fögruhlíðarár.

Seiðasleppingar

Árið 2014 samþykkti stjórn að leigutaki myndi auka hlutfall smáseiða í sleppingum uppi á Jökuldal og hætta að setja gönguseiði í tjarnir við Hvanná og Hneflu en beina öllum þunga í gönguseiðasleppingum að tjörnum í þveránum í Hlíðinni til að bæta veiði þar þegar yfirfall er komið á. Þessi ákvörðun var tekin að ráðleggingu fiskifræðinga hjá Veiðimálastofnun enda sýna rannsóknir að smáseiðin dafna betur eftir því sem ofar dregur í Jöklu. Gildir samþykkt stjórnar um þetta fyrirkomulag einnig fyrir árið 2015.

Fiskiteljari við Steinboga

Fiskvegurinn við Steinboga var undir vatni nánast allt síðasta sumar. Vonir standa til að aðstæður verði betri á þessu sumri og hefur stjórn samþykkt að fá sérfróða menn til að leggja mat á hvort og þá hvernig heppi-legast sé að koma fyrir teljara í fiskveginum. Ef þeirra mat verður jákvætt þá verður að líkindum byrjað á verkinu í sumar.

Veiðikortagerð

Haukur Guðmundsson heldur á þessu ári áfram raf-rænni kortagerð með hnitsetningu slóða og veiðistaða og kannað verður með frekari innsetningu örnefna. Veiðimenn geta lesið kortin í snjallsímum. Lokið er kortagerð við Fögruhlíðará, Kaldá og ysta hluta Jöklu.

Stígagerð og merkingar

Vinnuhópur á vegum Landsvirkjunar hjálpaði til við að merkja veiðistaði og laga göngustíga að veiðistöðum síðasta sumar. Eitthvert framhald verður á þeirri vinnu í sumar en landeigendur eru einnig hvattir til að laga aðgengi að veiðistöðum eftir mætti. Stjórn félagsins hefur samþykkt að kanna kostnað við samræmdar merkingar á veiðistöðum.